

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 6. nóvember 2024 í máli nr. 81/2024

Kæruneftndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 12. júlí 2024 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings við Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst þess aðallega að varnaraðila verði gert að endurgreiða sér 51.000 króna þátttökugjald. Til vara krefst sóknaraðili þess að fá að færa skráningu í [...] fram til ársins 2025. Þá gerir sóknaraðili kröfu um að varnaraðila verði gert að breyta skilmálum sínum. Varnaraðili gerir kröfu um að fyrri kröfufliðum sóknaraðila verði hafnað. Þá krefst varnaraðili þess aðallega að kröfu sóknaraðila um skilmálabreytingar verði vísað frá en til vara að kröfunni verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með bréfi, dags. 16. júlí 2024, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Nefndinni bárust andsvör frá varnaraðila þann 28. ágúst 2024. Sóknaraðili skilaði athugasemdum til nefndarinnar þann 17. september 2024 og varnaraðili skilaði athugasemdum þann 24. sama mánaðar.

Framlögð gögn í málinu eru kvörtun, greiðslukvittun, skilmálar varnaraðila, afrit af samskiptum aðila, afrit af samskiptum sóknaraðila við aðra mótshaldara og staðfesting á endurgreiðslu til sóknaraðila.

Með bréfi, dags. 6. nóvember 2024, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Í kvörtun kemur fram að sóknaraðili skráði sig í [...] þann 6. nóvember 2023 sem fara átti fram þann 13. júlí ári síðar. Hlaupið er haldið af varnaraðila ár hvert. Sóknaraðili greiddi 51.000 krónur í þátttökugjald en innifalið í gjaldinu er hlaupanúmer, tímatökuflaga, drykkjarstöðvar í hlaupi, öryggisvarsla, móttaka í marki auk merktrar hlaupapeysu. Sóknaraðili lenti í slysi í lok júní með þeim afleiðingum að hún upphandleggs- og rifbeinsbrotnaði og gat því ekki tekið þátt í [...] árið 2024. Sóknaraðili hafði samband við varnaraðila og óskaði eftir því að komið væri til móts við hana vegna þessa en varnaraðili hafnaði því. Samkvæmt skilmálum varnaraðila fæst engin endurgreiðsla á þátttökugjaldi eftir 1. mars en sóknaraðili vísar til þess í kvörtun sinni að umræddir skilmálar séu ósamngjarnir og í ósamræmi við almenna venju í almenningshlaupum. Sóknaraðili bendir á að almennt sé hlaupurum gefinn kostur á að takmarka tjón sitt ef ómöguleiki er á þátttöku í skráð hlaup, ýmist með endurgreiðslu á hluta gjalds eða nafnabreytingu. Í því samhengi vísar sóknaraðili til tölvupósta frá mismunandi hlaupahöldurum. Sóknaraðili vísar til þess að hafa fengið endurgreiðslu og leyfi til að gera nafnabreytingu í öðrum hlaupum erlendis sem hún

var skráð í sama sumar. Sóknaraðili gerir kröfu um að varnaraðila verði gert að endurgreiða útlagðan kostnað vegna skráningar í [...] 2024, samtals 51.000 krónur. Til vara gerir sóknaraðili kröfu um að hún geti nýtt gjaldið í [...] sem fer fram sumarið 2025. Loks gerir sóknaraðili kröfu um að varnaraðila verði gert að breyta ósanngjörnum, einhliða skilmálum sínum vegna þátttöku í [...] þannig að neytendur geti gert nafnabreytingu allt að sólarhring fyrir afhendingu hlaupagagna, komi til þess að þeir geti ekki nýtt sér skráningu í hlaupið. Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili haldi utan um [...] þar sem hægt er að gera nafnabreytingu fram á síðasta dag fyrir hlaup og því ætti varnaraðili að hafa þekkingu og reynslu af slíku.

Varnaraðili vísar til þess að skilmálar varnaraðila séu í samræmi við framkvæmd annarra hlaupa erlendis. Varnaraðili bendir á að meðal helstu þáttökuskilyrða í hlaupið sé að þátttakendur hafi að lágmarki [...] stig en takmarkaður fjöldi einstaklinga hafi slík stig. Þá lýsir varnaraðili því að kostnaði við undirbúning og framkvæmd hlaupsins sé alfarið mætt með þáttökugjöldum og bendir varnaraðili á að ef opnað yrði á endurgreiðslu þáttökugjalda skömmu fyrir hlaup myndi það kollvarpa rekstrarlegum forsendum varnaraðila. Kostnaður við hlaupið sé töluverður en stærstur hluti fjármagnsins fari í að tryggja öryggi þátttakenda. Varnaraðili bendir á að mikilvægt sé að endanlegur þáttökulisti liggi fyrir eigi síðar en þremur mánuðum fyrir sjálft hlaupið. Skilmálar, sem sóknaraðili og aðrir þátttakendur samþykkja við skráningu, geri ráð fyrir tveimur dagsetningum til að tilkynna um að þátttakandi verði að hætta við mætingu í hlaupið, annars vegar 30. desember, og þá gegn 75% endurgreiðslu af fullu þáttökugjaldi, og hins vegar 1. mars, gegn 50% endurgreiðslu. Meðvituð ákvörðun hafi verið tekin af hálfu varnaraðila að hafna öllum beiðnum um endurgreiðslu þáttökugjalds eftir að frestur er liðinn til að fá 50% þáttökugjaldsins endurgreitt. Undirbúningur fyrir hlaupið taki marga mánuði og þar af leiðandi útilokað að skrá nýjan þátttakanda stuttu fyrir hlaup.

Varnaraðili vísar til þess að ekki sé hægt að verða við kröfu sóknaraðila um að færa skráningu hennar til næsta árs þar sem slíkt myndi hafa í för með sér verulegt tekjutap fyrir varnaraðila. Uppselt sé í hlaupið ár hvert og varnaraðili hafi ekki efni á að halda plássum í hlaup fráteknum fyrir hlaupara sem færa skráningu á milli ára án þess að greitt sé fyrir. Þá krefst varnaraðili þess að kröfu sóknaraðila um skilmálabreytingar verði vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa þar sem það sé ekki á valdi nefndarinnar að setja reglur sem seljendum vöru og þjónustu beri að fara eftir og haga starfsemi eða rekstri til samræmis við. Varnaraðili gerir til vara kröfu um að kröfu sóknaraðila verði hafnað og vísar til þess að nafnabreyting hafi ekki verið leyfð af öryggisástæðum, m.a. vegna kröfu um tiltekin [...] stig þátttakenda. Sóknaraðili bendir á að upplýsingar um [...] stig einstaklinga séu auðfengnar og ekkert því til fyrirstöðu að gera kröfu um staðfestingu á fullnægjandi [...] stigum vegna nafnabreytingar.

IV

Niðurstaða

Sóknaraðili skráði sig í [...], sem haldið er af varnaraðila, og greiddi þáttökugjald þann 6. nóvember 2023, samtals 51.000 krónur. Hlaupið fór fram þann 13. júlí 2024 en þann 26. júní 2024 lenti sóknaraðili í slysi sem kom í veg fyrir möguleika hennar til þátttöku í hlaupinu.

Ágreiningur málsaðila lýtur að því hvort sóknaraðili eigi rétt á að fá endurgreitt þáttökugjaldið eða færa skráningu fram til ársins 2025. Í skilmálum varnaraðila sem

Þátttakendur sem skrá sig í hlaup þurfa að samþykkja kemur fram að ekki sé hægt að breyta skráningu úr einu nafni yfir í annað né færa skráningu yfir á næsta ár. Þá segir einnig að þáttökugjald fái endurgreitt að hluta ef beiðni berst innan tilgreinds tíma. Ef beiðni berst fyrir 31. desember fæst 75% endurgreitt en 50% ef beiðni berst eftir 31. desember en fyrir 1. mars. Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga beri að halda. Í 36. gr., sbr. 36. gr. c. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa (sml.) er að finna undantekningu frá þeirri meginreglu.

Sóknaraðili tók þá ákvörðun að semja við varnaraðila um þjónustu gegn greiðslu þáttökugjalds. Við skráningu í hlaupið samþykkti sóknaraðili skilmála varnaraðila. Við skráninguna lá fyrir að ekki væri hægt að gera nafnabreytingu eða færa skráningu fram til næsta árs. Í skilmálum varnaraðila var einnig skýrt að þáttökugjald fengist endurgreitt að hluta innan ákveðins tímaramma. Sóknaraðili hafði samband við varnaraðila þann 8. júlí 2024 vegna málsins en samkvæmt skilmálum varnaraðila fæst 50% þáttökugjalds endurgreitt ef beiðni um slíkt berst fyrir 1. mars og var sá tími því liðinn. Að mati kæruneftdarinnar verður ekki séð að samningur aðila sem slíkur, eða umrætt ákvæði skilmála varnaraðila sé ósanngjarn eða stríði gegn góðum viðskiptaháttum og raski til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila, neytanda í óhag í skilningi 36. gr. c. sml. en veigamiklar ástæður þurfa að vera fyrir því að unnt sé að falla frá samningi með þeim afleiðingum að samningurinn verði óskuldbindandi fyrir aðila. Með hliðsjón af framangreindu, atvikum máls þessa og framlögðum gögnum getur kæruneftdin ekki fallist á kröfur sóknaraðila í málinu. Verður því að hafna kröfu sóknaraðila.

V Úrskurðarorð

Kröfum sóknaraðila, X, er hafnað.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson